

Miðvikudaginn 27. mars 1991.

Nr. 106/1990: **Vatnsleysustrandarhreppur**

(Skúli Pálsson hrl.)

gegn

Árnýju Helgadóttur og

Höllu Árnadóttur

(Páll Arnór Pálsson hrl.).

Gatnagerðargjald. Lögveð. Stjórnarskrá. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. mars 1990. Hann krefst þess, að stefndu verði dæmdar til að greiða hreppnum 202.014 krónur með tilteknum vöxtum, þar með töldum hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum eftir vaxtalögum nr. 25/1987, frá 1. október 1989 til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, sem beri dráttarvexti eftir vaxtalögum. Loks gerir hann kröfu um viðurkenningu lögveðsréttar í Vogagerði 22, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar hér fyrir dómi með dráttarvöxtum.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi.

Úrslit máls þessa ráðast af lögskýringu, sem er með sama hætti og lýst er í dómi Hæstaréttar í máli nr. 98/1990, sem upp var kveðinn fyrr í dag. Af ástæðum, sem þar eru greindar, verður í máli þessu svofellt

D ó m s o r ð:

Stefndu, Árný Helgadóttir og Halla Árnadóttir, greiði áfrýjanda, Vatnsleysustrandarhreppi, 202.014 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 19. október 1989 til greiðsludags.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Viðurkenndur er lögveðsréttur áfrýjanda í fasteign stefndu, Vogagerði 22, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, til tryggingar 202.014 krónum með vöxtum eftir dómi þessum.

S é r a t k v æ ð i

Bjarna K. Bjarnasonar hæstaréttardómara.

Þegar það er virt, á hvern hátt áfrýjandi hefur lagt mál sitt fyrir dómstóla, og með hliðsjón af 3. gr., 5. gr., 2. mgr. 6. gr. og 4. gr. laga nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld, sbr. 1. gr. laga nr. 31/1975, 10. gr. reglugerðar nr. 284/1985 um gatnagerðargjöld í Vatnsleysustrandarhreppi og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms tel ég, að staðfesta beri hann, en málskostnaður fyrir Hæstarétti eigi að falla niður.

S é r a t k v æ ð i

Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Viðhorf mín í máli þessu ráðast af lögskýringu, sem er með sama hætti og lýst er í sératkvæði í máli nr. 98/1990, þar sem dómur var upp kveðinn fyrr í dag. Á forsendum, sem þar greinir, er ég samþykkur niðurstöðu meiri hluta dómenda í máli þessu.

Dómur aukadómpings Gullbringusýslu 13. desember 1989.

I.

Mál þetta var tekið til dóms að loknum munnlegum málflutningi 23. nóvember sl.

Stefnandi er Vatnsleysustrandarhreppur, kt. 670269-2649, Vogum, Gullbringusýslu.

Stefnda er Árný Helgadóttir, kt. 300947-2479, Grænukeinn 7, Hafnarfirði, og Halla Árnadóttir, Vogagerði 22, Vogum, til réttargæslu.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda Árný Helgadóttir verði dæmd til þess að greiða stefnanda kr. 202.014 auk [nána tiltekinna vaxta svo og málskostnað].

Stefnda gerir þá kröfu, að viðurkenndur verði lögveðsréttur til tryggingar dómkröfum í fasteigninni nr. 22 við Vogagerði, Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi, sem er þinglýst eign réttargæslustefndu.

Af hálfu stefndu Árnýjar Helgadóttur eru gerðar þær dómkröfur aðallega, að stefnda verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefndu fullan málskostnað með söluskatti.

Þess er jafnframt krafist, að málskostnaður beri dráttarvexti skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. degi til dómsuppsögu.

Til vara er þess krafist, að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og að málskostnaður verði felldur niður.

Af hálfu réttargæslustefndu eru ekki gerðar kröfur í málinu.

II.

Málavextir eru þeir ... [sbr. dóm í málinu: Vatnsleysustrandarhreppur gegn Guðjóni Hannessyni, bls. 627-628 að framan] ... lauk þann 24. ágúst 1987.

Réttargæslustefndu var sendur reikningur, dags. 6. ágúst 1987, þar sem hún var krafin um B-gatnagerðargjald, eins og hér segir: „Stærð hússins Vogagerðis 22 er 595 m³. Gjaldið að frádregnum 20% afslætti er alls kr. 202.014.

Reikningurinn óskast greiddur fyrir 24. júlí nk. Álagning B-gjalds til innheimtu í Vogum er kr. 27.877.447. Áætlaður heildarkostnaður við gatnagerðina á verðlagi í júlí 1987 er alls kr. 31.211.026. Sé greitt á réttum tíma, er veittur 10% staðgreiðsiuafsláttur.“

Með úrskurði, dags. 7. júní 1988 ... [sbr. bls. 628-634 að framan]. ... Skilyrði 2. ml. 2. mgr. er fullnægt.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Árný Helgadóttir og Halla Árnadóttir, skulu vera sýknar af öllum kröfum stefnanda, Vatnsleysustrandarhrepps.

Stefnandi greiði stefndu kr. 30.000 í málskostnað. Málskostnaður beri dráttarvexti skv. 10. gr. laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu.